

Breytingartillaga vegna dagskrárliðar 7 – Tillaga stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans

Vísað er til tillögu stjórnar til breytingar á starfskjarastefnu bankans, sbr. 7. liður í dagskrá aðalfundar.

Stjórn Íslandsbanka leggur til eftirfarandi breytingar á tillögunni, þannig að eftirfarandi undirstrikaður texti bætist við fyrirliggjandi tillögu stjórnar, en yfirstrikaður texti fari út.

8. gr. Samþætting áhættu sem tengist sjálfbærni

Samkvæmt 5. gr. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu skulu aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar hafa upplýsingar um það í starfskjarastefnum sínum hvernig þær samræmist innfellingu áhættu sem tengist sjálfbærni. Stjórnendum og starfsfólki bankans eru greidd föst laun, sem eru ekki árangurstengd ~~og taka ekki mið af áhættu sem tengist sjálfbærni.~~ Við framkvæmd starfskjarastefnu bankans skal meðal annars lögð áhersla á góða stjórnarhætti og sjálfbærni í samræmi við markmið stefnunnar þar að lútandi, svo sem við ákvörðun um ráðningu starfsfólks, mat á árangri þess og við ákvörðun um laun og launabreytingar.

Greinargerð:

Hluthafar höfðu samband og þótti orðalagið á tillögunni ekki í góðu samræmi við yfirlýst markmið bankans um forsyntu á sviði góðra stjórnarháttar og sjálfbærni. Því leggjum við til þess breytingu til að koma til móts við athugasemdirnar og taka af tvímæli um áherslu á sjálfbærniþætti.

Fyrri orðalag virtist valda ruglingi sem stjórn hafi viljað eyða með þeirri breytingartillögu sem hér er lögð til.